



HVERAGERÐISBÆR

Nefndasvið Alþingis
Austurstræði 8-10
105 Reykjavík

Hveragerði 4. desember 2014

Efni: frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 29. mál - umsögn bæjarráðs Hveragerðisbæjar.

Umhverfis – og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögnum um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 29. mál. Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði um lágmarksútsvar sveitarfélaga verði afnumið. Sambærilegt frumvarp var lagt fram á 135. þingi (146. mál) og 141. þingi (512. mál) en hlaut ekki afgreiðslu.

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 4. desember 2014 var ofangreint erindi tekið fyrir. Eftirfarandi umsögn var samþykkt samhljóða:

Bæjarráð Hveragerðisbæjar varar eindregið við því að felld verði niður ákvæði um lágmarksútsvar sem finna má í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

Bæjarráð Hveragerðisbæjar vill vekja athygli á því að möguleikar sveitarfélaga til tekjuöflunar eru afar mismunandi. Staðsetning virkjana, stofnana eða stórra iðnfyrirtækja getur til dæmis haft veruleg áhrif á skatttekjur viðkomandi sveitarfélaga. Í fámennum sveitarfélögum getur staðsetning slíkra stofnana með tilheyrandi fasteignaskattstekjum vegið mjög þungt þegar litið er til skatttekna á hvern íbúa. Með afnámi lágmarksútsvars gætu einhver sveitarfélög þar sem þannig háttar til jafnvel hætt að innheimta útsvar af sínum íbúum. Þá gætu myndast skattaparadísir sem byggjast í staðinn á fasteignaskattstekjum.

Afnám lágmarksútsvars getur þannig haft afar óheppileg áhrif á samspil búsetu og skattgreiðslna og á samvinnu sveitarfélaga að ýmsum hagsmunamálum. Auk þess sem hvati til sameiningar þessara sveitarfélaga við önnur stærri væri þá lítill sem enginn.

Í dag eru það eingöngu tvö fámenn sveitarfélög sem leggja á lágmarksútsvar, Skorradalshreppur (58 íbúar) og Ásahreppur (193 íbúar). Sveitarfélög á Íslandi hafa næga möguleika til veita íbúum sínum skattalegt hagræði innan þess ramma sem núverandi löggjöf býður uppá. Með samþykkt tillögunnar um afnám lágmarksútsvars væri því eingöngu verið að opna fyrir þann möguleika að fámenn sveitarfélög sem njóta gríðarlegra tekna af virkjunum og stórfyrirtækjum gætu lækkað útsvarið umtalsvert eða jafnvel felld það alveg niður með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.



HVERAGERÐISBÆR

Bæjarráð Hveragerðisbæjar vill benda á að ef tillagan um afnám lágmarksútsvars verður samþykkt er óhjákvæmilegt að strax í kjölfarið verði tekin upp umræða um réttlátari skiptingu fasteignaskatts af virkjunum, stórfyrirtækjum og stofnunum á vegum ríkisins sem ætti þá skilyrðislaust að renna í Jöfnunarsjóð til útdeilingar til allra sveitarfélaga á landinu.

Þessari afgreiðslu bæjarráðs Hveragerðisbæjar er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

Aldís Hafsteinsdóttir
Aldís Hafsteinsdóttir,
bæjarstjóri

